

Miðvikudaginn 28. febrúar 1968.

Nr. 248/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jónasi Björgvin Sigurbergssyni

(Hjörtur Torfason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sýknað af ákæru um brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur vitnið Þorsteinn Jóhannes Jónsson lögreglumaður, er kom á slysstaðinn, skömmu eftir að slysið varð, og gaf frumskýrslu um það, komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína, en í héraðsdómi er efni hennar rakið. Þá kom einnig fyrir dóm 25. f. m. vitnið Guðni Vilberg Sturlaugsson útgerðarmaður, Sunnuvegi 11 á Selfossi, og staðfesti skýrslu sína, er það hafði gefið fyrir lögreglunni í Árnassýslu hinn 6. maí 1964. Vitni þetta ók bifreið sinni, X 1572, næst á eftir bifreið ákærða, Z 366, er slysið varð. Í skýrslu vitnisins segir, að hraði bifreiðar ákærða „hafi verið mjög eðlilegur miðað við aðstæður, umferð hafi verið nokkuð mikil . . . hún hafi fylgt umferðinni, ekið sama hraða og aðrir, er leið áttu þarna vestur götuna“. Skammt austan við Múla við Suðurlandsbraut kveðst vitnið hafa veitt athygli lítilli telpu, er hlaupið hafi út á akbrautina frá nyrðri brún hennar og fyrir fólksbifreið, er ekið var austur eftir götunni. Bifreið þessari hafi verið snögghemlað og þannig komið í veg fyrir, að telpan yrði fyrir henni, en hún hafi hlaupið áfram út á götuna og ekki skipt „miklum togum“, að hún lenti á hægri frambretti bifreiðar ákærða. Segir vitnið, að sér hafi fundizt barnið kastast frá bifreiðinni, „raunverulega snúizt aftur með“ henni, og skella í götuna framanvert við hægri afturhjóla. Kveður það barnið hafa orðið undir hjólum bifreiðarinnar

og sá það kastast upp aftan við hjólin og taldi, að þau hefðu farið yfir höfuð barnsins og efri hluta líkama þess.

Kveðst vitnið hafa veitt athygli hemlaförum á götunni eftir bifreiðina Z 366, „þannig að rétt sé, að hemlarnir hafi fyrst virkað, en síðan hætt að virka, er stigið hafði verið á þá“.

Þá hefur eftir uppkvaðningu héraðsdóms verið lagt fram bréf Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 29. ágúst 1967, þar sem segir, að um mjög óvenjulega bilun hafi verið að ræða í hemlum bifreiðar ákærða.

Samkvæmt vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 21. þ. m., sem lagt var fram í Hæstarétti, er bifreið ákærða af gerðinni Ford 600, smíðaár 1961. Er eigin þyngd hennar 4.326 kg og hlassepyngd 5.000 kg, en breidd hennar 2.34 metr-ar. Hafði ákærði því ekki heimild til að aka bifreið þessari, sbr. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, en samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu hafði ákærði eingöngu hið minna próf bifreiðarstjóra, og var ökuskirteini hans gefið út 4. nóvember 1960. Hann er þó eigi saksóttur fyrir brot þetta og því ekki dæmd refsing vegna þess.

Er ákærði nálgadist strætisvagninn, er stöðvaður hafði verið gegnt slyssaðnum, hægði hann eigi á ferð bifreiðar sinnar og sýndi ekki þá aðgæzlu, sem krefjast verður af ökuöðnum, þegar ekið er fram hjá strætisvagni, er stanzað hefur við biðstöð. Hefur hann með þessari háttsemi sinni gerzt brotlegur við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og við 1. mgr. og f og k liði 49. gr. umferðarlaga.

Aftur á móti verður eigi talið sannað, eins og atvikum máls þessa er háttað, að ákærða hafi verið unnt að afstýra slysi því, sem mál þetta er af risið. Ber því að sýkna ákærða af broti gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin kr. 4.000.00 sekt til ríkissjóðs, og koni varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Björgvin Sigurbergsson, greiði kr. 4.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1966.

Ár 1966, föstudaginn 15. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 295/1966: Ákærvaldið gegn Jónasi Björgvin Sigurbergssyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 29. júní 1964, höfðað á hendur Jónasi Björgvin Sigurbergssyni bifreiðarstjóra, Svínafelli í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu og fæddum þar 31. ágúst 1943, dveljandi að Sólvallagötu 72 hér í borg, fyrir að hafa um klukkan 1545 þriðjudaginn 5. maí 1964 án nægilegrar varkárni og of hratt miðað við aðstæður ekið vöruflutningabifreiðinni Z 366 vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík gegnt biðstöð Strætisvagna Reykjavíkur við Múla, þar sem strætisvagninn R 14121, sem var á austurleið, hafði verið stöðvaður til að hleypa út farþegum, þ. á m. börnum, með þeim afleiðingum, að þegar ákærði ók fram hjá strætisvagninum, varð undir bifreið hans þriggja ára gömul stúlka, Anna Kristólína Geirharðsdóttir, og beið þegar bana, en stúlkan hafði komið út úr strætisvagninum

og hlaupið fyrir framan hann og rakleitt suður yfir akbrautina.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki hlotið dóm né ákæru.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 5. maí 1964 klukkan 1545 var lögreglunni tilkynnt, að umferðarslys hefði orðið á Suðurlandsbraut skammt austan við gatnamót Múlavegar hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar hafði lítil stúlka, Anna Kristólína Geirharðsdóttir, fædd 19. 6. 1960, orðið fyrir bifreiðinni Z 366, sem ákærði ók. Hlutar af heilavef lágu á götunni á stórum kafla, en búið var að fjarlægja barnið, sem mun hafa látizt strax á slysstað. Ákærði skýrði lögreglu svo frá, að hann hefði ekið á um 35—45 km. hraða og verið að mæta Skoda-sendibifreið, er hann sá allt í einu, hvar lítið barn skauzt út á götuna fyrir aftan hana. Sagðist ákærði þegar hafa stigið á hemla, og fannst honum, að hann þyrfti að „pumpa“ þá, en þegar hann steig á hemlana aftur, virkuðu þeir ekki, og rann bifreiðin því áfram. Kvaðst ákærði enga grein geta gert fyrir því, hvað um barnið hefði orðið, og ekki hafa vitað um slysið, fyrr en hann hafði gengið til baka, en bifreið hans rann um 70 metra vestur fyrir slysstað. Lögreglan sá ekkert á bifreiðinni Z 366, sem gefið gæti til kynna, hvar barnið hefði orðið fyrir henni utan þess, að á milli hjólbarðanna hægra megin að aftan saúst greinilega heilaslettur. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var yfirborð vegarins malbikað, dagsbirta og bjart veður, og færið var þurrt. Á aðstöðuteikningu eru sýnd 5—6 metra hemlaför eftir bifreiðina Z 366, en fjarlægðin frá upphafi þeirra að framenda bifreiðarinnar R 2321 er um 14 metrar. Bifreiðaeftirlitsmenn skoðuðu bifreiðina Z 366, og segir í vottorði þeirra m. a., að bifreiðin sé Ford 660, vörubifreið, árgerð 1961, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði. Við skoðun, sem fram fór á slysstað, kom í ljós, að hemlavökvi rann úr dælu í hægra afturhjól, og hemlar voru óvirkir, en að öðru leyti virtist bifreiðin hafa verið í lagi, áður en slysið varð, nema vinstra framljós og námersljós voru óvirk. Bifreiðaeftirlitsmennirnir framkvæmdu sérstaka rannsókn vegna hemlabilunarinnar,

og virtist þeim orsökina hafa verið, að þá er fullu ástigi var beitt á hemlana, hefði efri hemlaskórinn snúizt, skælt til, önnur hlið klaufarinnar bognað og pinninn lagzt út af, en við það hefði stimpillinn gengið út úr dælunni og hemlarnir þar með orðið óvirkir.

Vitnið Hjalti Björnsson ók strætisvagninum R 14121 austur Suðurlandsbraut greint sinn og stöðvaði hann á biðstöð strætisvagna við Múla. Litla stúlkan, sem fyrir slysinu varð, var farþegi í strætisvagninum ásamt móður sinni og tveim litlum systkinum. Þrátt fyrir aðvaranir móður sinnar hljóp telpan fram fyrir strætisvagninn og í stefnu suður yfir götuna. Vitninu virtist stúlkan aðeins hika, er hún varð vör við bifreiðina R 2321, sem ekið var austur brautina og fram með strætisvagninum. Ökumaður þeirrar bifreiðar ók hægt, snögghemlaði og gat þannig forðað, að bifreið hans lenti á telpunni, sem hljóp áfram beint suður yfir götuna án þess að líta til hliðar, lenti þá á hægri hlið vörubifreiðar ákærða rétt aftan við stýrishúsið og hvarf vitninu þar sjónum. Vitninu fannst vörubifreiðinni ekið greitt á slyssstað, gizkaði á, að hraði hennar hefði verið um 40 km miðað við klukkustund. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði drægi úr hraða bifreiðarinnar eða sveigði henni að vegjaðrinum.

Vitnið Þorkell Guðnason var statt um 100 metra vestan við slyssstaðinn, er það sá litlu stúlkuna koma fram með strætisvagninum og stefna þvert suður yfir götuna. Í sama mund var bifreið ekið fram með hlið strætisvagnsins og snarhemlað. Virtist vitninu stúlkan herða á för sinni yfir götuna, og skall hún á hægri frambretti vörubifreiðar, sem ekið var vestur brautina. Taldi vitnið, að vörubifreiðinni hefði verið sveigt eitthvað í átt frá stúlkunni, hún stöðvaðist rétt vestan þess staðar, er vitnið stóð á, en ekki kvaðst það geta borið um, á hvaða hraða bifreiðin hefði verið.

Vitnið Baldur Árnason ók bifreiðinni R 10224 austur Suðurlandsbraut næst á undan bifreiðinni R 2321. Kvaðst vitnið hafa ekið á hægri ferð, er það nálgadist slyssstað, enda strætisvagn verið á bifstöðinni. Vitnið veitti ekki athygli börnum eða fullorönu fólki framan við strætisvagninn, en er það var rétt komið fram fyrir hann, virtist því eitthvað vera að gerast aftan við bifreiðina, leit í spegil yfir mælaborði og sá litla telpu hlaupa þvert suður yfir götuna og skipti engum togum, að hún lenti á vörubifreið, sem ekið var vestur brautina. Virtist vitninu stúlkan koma á hægri framhorn vörupallsins og falla niður inn undir

pallinn og fyrir afturhjólf bifreiðarinnar. Vitnið gat ekki borið um hraða vörubifreiðarinnar né hvort henni hefði verið sveigt í átt frá stúlkunni.

Vitnið Skúli Arnór Steinsson ók bifreiðinni R 2321 austur Suðurlandsbraut. Kvaðst vitnið hafa það fyrir fasta reglu að aka hægt fram með strætisvögnum á biðstöðum og fylgjast vel með þeim, þar sem alltaf megi búast við, að börn hlaupi frá þeim út á götuna. Þegar bifreið vitnisins var komin sem næst á móts við framenda strætisvagnsins, sá vitnið skyndilega litlu telpuna, sem kom á harða hlaupum fast framan við strætisvagninn, út á götuna og í veg fyrir bifreið vitnisins. Varð vitnið að skyndihemla bifreiðinni til að forðast slys. Virtist vitninu stúlkan ekkert hafa veitt því athygli, þótt hátt hafi látið í hemlum bifreiðarinnar, og sá vitnið hana ekki líta í átt til bifreiðarinnar né draga neitt úr hlaupunum, heldur hlaupa beint áfram án þess að horfa til hliðar. Í sama mund tók vitnið eftir vörubifreið, sem á móti kom, og að því er vitninu virtist, ekki á miklum hraða. Taldi vitnið, að bifreiðin hefði verið það langt undan, að ökumaður hennar hefði getað stöðvað hana, áður en hún lenti á stúlkunni, enda áleit vitnið, að fjarlægðin hefði verið um 20 metrar. Vitninu fannst stúlkan lenda framarlega á bifreiðinni, en síðan hvarf hún því sjónum. Ekki sá vitnið, að dregið væri úr hraða vörubifreiðarinnar né henni væri sveigt í átt að vegjaðrinum, en þar sem ökumaður stöðvaði ekki bifreiðina, fannst vitninu eina leiðin til að forðast slys að sveigja bifreiðinni til vinstri út af brautinni. Vitnið sagði, að í um 30 metra fjarlægð á undan bifreið þess hefði verið ekið lítilli Skoda-bifreið, og áleit vitnið, að bifreið þessi hefði varla getað skyggt svo á stúlkuna, að ökumaður vörubifreiðarinnar hefði þess vegna eigi átt að geta séð stúlkuna.

Ákærði kvaðst hafa ekið vestur Suðurlandsbraut greint sinn, og sagði hann, að nokkur umferð hefði verið í þá átt, en þó ekki samfelld. Taldi hann sig hafa ekið á um 35—40 km. hraða miðað við klukkustund. Ákærði tók eftir strætisvagninum á biðstöðinni, en litlu stúlkuna sagðist hann fyrst hafa séð, rétt í því er hann var að mæta bifreiðinni R 2321. Var hún þá á móts við miðjan framenda þeirrar bifreiðar á harða hlaupum þvert suður yfir götuna. Ákærði, sem ók yzt á malbikuðu brautinni, sagðist þegar hafa stigið á hemla bifreiðar sinnar, þeir virkað aðeins augnablik, en síðan orðið óvirkir. Kvaðst ákærði þá rétt hafa verið kominn að bifreiðinni R 2321, og fannst honum engum togum skipta, að telpan lenti á hægri hlið bifreiðar hans, og jafnframt

varð hann þess var, að eitthvað varð undir hægri afturhjólu hennar. Ákærði sagðist hafa gripið til handhemils og reynt að sveigja bifreiðinni til vinstri. Ákærði kvaðst hafa verið vanur að aka bifreiðinni Z 366 og ekki orðið var við hemlabilun í henni fyrir slysið. Hann hefði verið vel fær til aksturs og ekkert glapið ökuhæfni hans. Ákærði sagði, að færi hefði verið gott sem og skyggni.

Prófessor Niels Dungal gerði réttarkrufningu á líki hinnar látnu stúlku. Segir m. a. svo í krufningarskýrslunni: „... Líkið kemur hingað í úlpu og öllum fötum. Stórkostlegur áverki er á höfðinu. Höfuðið hefur alveg lagzt saman og sýnilegt, að hjól hefur ekið yfir höfuðið á barninu. Höfuðið er orðið svo þunnt, að það er ekki nema um 10 cm á þykkt. Framan í andlitinu er eitt stórt, gapandi op á nefsvæðinu. Ekkert er eftir af nefinu nema nefvængirnir neðst báðum megin, en eitt stórt holrúm þaðan og upp á enni, sem er 10 cm langt og allt að 5 cm breitt, og gapir þar inn í höfuðkúpuna. Heilinn hefur farið út um þetta op, og sjást miklar heilaslettur á úlpunni neðst og einnig á buxunum, en lögreglan sagði, að heilaslettur hefðu einnig sézt á veginum, þar sem barnið hafði látizt. Á h. kinn sést stórt, brúnleitt hrufli, og nær það niður á hálsinn h. m. og aftan til. Á miðjum hálsi h. m. neðst í þessu hrufli sést 2 cm lagur skurður, sem snýr þar þvert yfir hálsinn og er töluvert gapandi, en nær ekki nema niður í gegnum fituna. Á v. kinn sjást engin áverkamerki. Þar er húðin slétt og hvít.

Höfuðbeinin finnast öll molað undir hársverðinum, og h. m. er um 5 cm langt, dálítið gapandi sár á höfuðsverðinum.

Heilabúið opnað: Undir höfuðsverðinum eru ekki miklar blæðingar, en höfuðskelin er þar öll brotin, þannig að öll teca cranii er í brotum, og eru tekin út 8 laus brot alls, þau stærstu mannslófastór, en þau minnstu rúmlega 2ja krónu stór. Kúpan er öll brotin alla leið aftur í hnakka. Heilabastið er einnig sundurtætt, og þegar það er opnað betur, sést, að svo til ekkert er eftir af heilanum, heldur aðeins lítils háttar blóðugur grautur, sem finnst innan á heilabastinu. Kúpubotninn er einnig brotinn: H. pyramidi er alveg brotinn frá, v. m. sést stórt brot á hnakka-beininu, sem nær inn að foramen magnum, og er þar einnig laust brot í. Þá sjást einnig brot v. m. í os sphenoidale á kúpubotninum, og nær það yfir v. ala ossis sphenoidalis“.

Ályktun prófessorsins er svohljóðandi:

„Við líkskoðun og krufningu fannst mjög mikill áverki á

höfðinu: Andlitið hafði opnast alveg að framan, svo að þar sást stórt op, sem náði inn í heilabú, og hafði mestur hluti heilans farið þar út í gegn. Höfuðkúpan var öll mölbrotin og einnig kúpu-botninn. Sýnilegt er, að barnið hefur dáið mjög fljótt af þessu, en þó er sýnt, að barnið hafi andað eitthvað eftir áverkann“.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður ekki talið, að ákærði hafi sýnt þá fyllstu aðgæzlu í akstri, sem honum bar, m. a. þar sem hann var að aka fram hjá kyrrstæðum strætisvagni, né að hann hafi gert fyllstu ráðstafanir til að forðast slys, svo sem með því að sveigja bifreiðinni út af veginum, sem þó var samkvæmt myndum af vettvangi hættulaust eða hættulítið fyrir hann. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæru og varðar við refsíákvæði þau, sem þar eru greind.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Björgvin Sigurbergsson, greiði 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.